

## DÓMSMÁLAFRUMVARP

### Óútkljáðir þættir frumvarpsins:

1. Upplýsingar um skilvirkni dómskerfisins hér og erlendis vantar en samkv. uppl. formanns réttarfarsnefndar er skilvirkni dómsstólanna hér einungis þriðjungur á við dómsstóla erlendis. Skýringu vantar.
2. Fulltrúar héraðsdómsstólana halda því fram að með því að fella niður störf dómarafulltrúa verða horfið til fortíðar varðandi afgreiðsluhraða dómsmála. Dómarar telja að við þessa breytingu mun álag á dómara aukast mikið, sem skapað geti hættu á óvandaðri vinnubrögðum eða uppsöfnun verkefna, sem leiði til lengri málsmeðferðartíma og þar af leiðandi skerðingu á réttaröryggi.  
Dómarafulltrúar hafa farið með takmarkað dómsvald í umboði viðkomandi dómstjóra eða héraðsdómara. Þeir hafa stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum og áritað stefnur og kveðið upp útivistardóma. Jafnframt hafa þeir stýrt þinghöldum í gjaldþrotaskiptamálum og kveðið upp gjaldþrotaúrskurði, þingfest ákærumál og lokið málum þar sem vörnum er ekki haldið uppi með viðurlagsákvörðun eða útivistar- og játningardómi. Einnig kveðið upp gæsluvarðhaldsúrskurði og aðra rannsóknarúrskurði. Talið er að sérstaklega muni skapast vandamál við einmenningsdómsstólana og telja þeir að fjölga þurfi dómurum um a.m.k. 5 á landinu öllu umfram það sem frv. gerir ráð fyrir. Héraðsdómur Reykjavíkur telur að ráða þurfi að minnsta kosti 12 aðstoðarmenn til að hægt verði að afgreiða mál með svipuðum hraða og verið hefur.
3. Dómarafulltrúar halda því fram að flestir ef ekki allir muni segja upp við þessa breytingu. Það kallar á allt að 18 milljón króna biðlaun, ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi.
4. Dómismálaráðherra skipar dómara. Með tilliti til sjálfstæðis dómskerfisins er ekki eðlilegra að það verði forsætisráðherr eða að Hæstiréttur geri tillögu til forseta (sbr. Finland). Óskað hefur verið eftir mati réttarfarsnefndar á kostum og göllum þessum, en nefndin fjallað mikið um þennan þátt í starfi sínu. Enn liggur ekki fyrir slíkt álit. Ekki síst er það álitaefni að dómismálaráðherra skipi dómara, en hann er yfirmaður lögreglu, ákærvalds og dómsstóla.
5. Héraðsdómur Reykjaness o.fl. telur að frumvarpið leiði til valdasamþjöppunar sem sé varasöm, og er þar átt við að koma á laggirnar nýju stjórnvaldshafa **dómsstólaráði**, sem dragi úr sjálfstæði dómstólanna, en verkefni hans er meðal annars að skipta fjárveitingu milli héraðsdómsstólana. Á það er einnig bent að með fyrirkomulaginu um dómsstólaráð skapist sú aðstaða, sem sé stjórnsýslulega fráleit, að héraðsdómari sem sæti á í dómstólaráði væri jafnframt því að vera stjórnsýslulega undirmaður dómstjóra, orðinn yfirmaður hans með setu sinni í

dómsstólaráði.

Dómsmálaráðherra á að skipa fulltrúa í dómsmálaráð, en með því telja þeir að dómsmálaráðherra sé komin nær innri stjórn dómsmálanna en áður hefur verið og það skerði sjálfstæði dómsstólanna gagnvart framkvæmdavaldinu.

Héraðsdómurinn telur að frumvarpið sé til þess fallið að veikja dómskerfið og telja rétt að Alþingi hafni frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

6. Ýmsar ábendingar, sem ekki eru fullræddar hafa komið fram um skipan dómsstólaráðs, og hvort ráðið verði ekki virkara og komi að betri notum nái það einnig til áfrýjunarstigsins og að forstöðumenn dómstólanna eigi sjálfkrafa aðild að því. Einnig er eindregin ósk frá Héraðsdómi Reykjavíkur um að dómstólaráð nái einnig til Hæstaréttar og að hæstaréttar dómari eigi sæti í því. Ekki sé að finna nein gild rök fyrir því að undanskilja Hæstarétt. Jafnframt er bent á að ef dómstólaráð nái einungis til héraðsdómstólanna ætti það að heita héraðsdómstólaráð.
7. Hæstiréttur Íslands gerir ýmsar tillögur um breytingar sem ekkert hefur verið fjallað um: (a) Hæstiréttur Íslands er æðsti dómsstóll **ríkisins**(lagt til að það verði áfram "lýðveldisins") Rök: óheppilegt að kenna Hæstarétt við ríkið fyrir þær sakir, að farið er að telja íslenska ríkið aðila í öllum dómsmálum, þar sem ráðherrum er stefnt til fyrirsvars. (b) 6. gr. leggja til að hæstaréttarritari fullnægi skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara. (c) 7. gr. 2 mgr. leggja gegn því að lögfest sé nákvæmlega hverji skipi dóm, þegar um er að ræða 5 eða 7 dómara skipi dóm. Telja eðlilegt að dómstóllinn sjálfur ákveði tilhögunin. (d) 23. gr. framkvæmdavaldið hefur of ríkan afskiptarétt af dómsvaldinu með því að dómsmálaráðherra skipi í nefnd um dómarastörf. Telja réttara að löggjafarvaldið kjósi einn nefndarmann. (e) Telja óeðlilegt að stjórnarsýslunefnd (nefnd um dómarastörf 27. og 28.gr.) geti veitt hæstaréttardómurum áminningu. Telja það vera verkefni forseta Hæstaréttar. (f) telja það brotalóm á sjálfstæði dómsvaldsins, að framkvæmdavaldið geti gripið inni og vikið dómara frá embætti um stundarsakir (29.gr.). Telja réttar að dómari láti sjálfkrafa af störfum um stundarsakir um leið og mál hefur verið höfðað gegn honum.
8. Fjárveitingar til dómsstólanna í heild heyri beint undir þingið. Ekki útrætt í nefndinni. M.a. er ábending frá Hrafn Bragasyri hæstaréttardómara um það efni.
9. Gerð er athugasemd hjá nokkrum héraðsdómstólum um að ekki séu settir dómara í stað þeirra sem fara í leyfi. Fyrir liggur brtill um að ráðherra geti að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipast dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjandi til að benda á til starfans. Vantar umræðu um þetta atriði. Einnig er varað við því að aðeins einn dómari á æðra dómstigi fjalli um niðurstöðu eins dómara á lægra dómstigi. Bent er á ósamræmi í greinum frumvarpsins, þar sem talað er um dómstjóra eins og gert er ráð fyrir að starfsheiti þeirra verði sem veita dómsstólum forstöðu, en í 24. og 27. gr. frv. er talað um forstöðumenn.

10. Órætt er í nefndinni ákvæði 32. gr. sem kveður á um að vísa skuli frá dómi máli á hendur ríkinu til heimtu skaðabóta sé það ekki höfðað innan sex mánaða frá því tilefni til bótaskyldu mátti vera orðið ljóst. Laganefnd lögmannafélags Íslands gerir athugasemdir við svo skamman frest og bendir á að almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna er 10 ár samkvæmt fyrningarlögunum en styttri frestir kunna að finna í sérlögum.
11. Laganefnd lögmannafélagsins bendir líka á að óheppilegt sé að embættisdómarar veljist til setu í stjórnarsýslunefndum. Telja þeir að komi til greina að lögbjóða bann við því að embættisdómarar og löglærðir starfsmenn dómstólanna sitji í slíkum stjórnarsýslunefndum. Órætt í nefndinni.
- 12.. Ábending er einnig frá lögmannafélaginu um að ekki sé að finna sérstakar leiðbeiningar um það með hvaða hætti héraðsdómarar landsins kjósi sína fulltrúa í dómstólaráð. Ekki sé heldur að finna sérstök hæfisskilyrði fyrir þann nefndarmanna sem dómsmálaráðherra skipi án tilnefningir. Órætt í nefndinni.
13. Bent hefur verið á að breyta þurfi réttarfarslögunum, ef fella eigi niður störf dómarafulltrúa, þannig að sum þeirra starfa sem nú þarf mann með dómsvald til að inna af hendi þyrfti aðeins löglærðan mann án dómsvalds.
14. Mjög megn andstaða dómara er við því að dómstólaráð hafi vald til þess að flytja dómara nauðuga á milli dómsstóla (5 mgr. 15.gr.) Bent er á eftirfarandi brtill í staðinn: Dómstólaráð ákveður til hvaða héraðsdómstól nýir dómara skuli taka fast sæti. Þegar embætti héraðsdómarar er laust skal dómstólaráð taka ákvörðun um starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar. Dómstólaráð getur fært dómara á nýjan starfsvettvang með samþykki hans, tímabundið eða varanlega.
15. Óeðlilegt eru leiðbeinandi ákvæði (25.gr.) um fyrir hvaða aukstörf og kostnað Kjaradómur á að ákvarða greiðslur fyrir, enda gengur það gegn ákvæðum laga um Kjaradóm. Í umsögn Kjaradóms til nefndarinnar er bent á að eðlilegast væri að fjalla um öll kjaraatriði þeirra aðila sem Kjaradómur á úrskurðarvald um í lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.
16. Er ekki rétt að fella undir 26. gr. ákvæði um að dómara megi ekki sitja í nefndum á vegum framkvæmdavaldsins. Órætt í nefndinni.
17. 26. gr. kveður á um að dómara sé óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi og nefnd um dómarastörf setji almennar reglur þar að lútandi. Eðlilegt að skoða að bæta inni ákvæði" eða taka þátt í starfsemi s.s. leynireglum"
18. Fara þarf betur yfir brtill. meirihlutans, eins og hvort það gangi að dómarafulltrúar hafi forgang að nýjum tímabundnum dómarastöðum hvort það gangi að auglýsa þær ekki o.s.frv. -

19. Ekki hefur verið farið yfir nýjar brtill. frá héraðsdómurum til allsherjarnefndar sem þeir telja vera algjörar lágmarksbreytingar á frumvarpinu.
  
20. Athuga þarf betur ábendingu Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara um að fimm dómarar við Hæstarétt taki hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi, nema forseti mæli fyrir á annan veg. Athuga einnig tillögu hans um br. á 4. gr. 2 mgr. "sem er í hjúskap eða **sambúð við dómara.**"

## Br. á dómsmálafrumvarpi

26. gr. orðist svo:

Dómara er óheimilt að taka að sér starf, eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki eða taka þátt í starfsemi s.s leynireglum ef slíkt færi ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi, en nefnd um dómarastörf setur almennar reglur þar að lútandi.

Áður en dómari tekur við embættinu skal hann tilkynna nefndinni ef ofangreindar ástæður sbr. 1. mgr. eru til staðar. Sé um að ræða starf eða eignarhlut í félagi eða fyrirtæki sem ekki er um getið í almennum reglum nefndarinnar, skal dómari engu að síður fyrir fram leita leyfis nefndrinnar.

Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi, eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki eða taka þátt í annarri starfsemi s.s. með aðild að leynisreglu, ef slíkt fær ekki samrýmst embættisstörfum hans. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómstóla um lögmæti þess.